

Alþingi
Erindi nr. P 126/1157
komudagur 29.1.2001

Lilja Árnadóttir

Reykjavík, 19. janúar 2001

Til menntamálanefndar Alþingis
Ágúst Geir Ólafsson ritari
Alþingi
150 Reykjavík

Ég undirrituð þakka bréf yðar frá 14. desember þar sem menntamálanefnd Alþingis leitaði umsagnar ýmissa um fyrirbyggjandi frumvörp þskj. 237 – 240.

Hér fylgir með greinargerð mín um þessi málefni.

Er það von mín að afgreiðsla þessara mála hljóti farsæla lausn.

224. mál

Virðingarfyllst



Lilja Árnadóttir

Álftamýri 15,

starfar sem deildarstjóri í Þjóðminjasafni Íslands.

Athugasemdir við efnisinnihald þingskjala nr. 237, 238, 239 og 240

Fyrir Alþingi liggja fjögur lagafrumvörp sem fjalla um safnamál, þjóðminjavörslu og útflutning menningarverðmæta.

Um hvert og eitt þeirra er ýmislegt að segja bæði hvað varðar efnisinnihald einstakra greina, misræmi milli greina og milli lagafrumvarpa, óskýra notkun hugtaka fyrir utan efnislegar og faglegar athugasemdir sem nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar áður en frumvörpin verða að lögum.

Talsvert hefur áunnist á undanförunum áratug í varðveislumálum á Íslandi. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að ýmsu er ábótavant. Með þessari lagasmíð er það yfirlýst markmið að færa til betri vegar ýmis atriði sem betur mega fara. Lúta þau aðallega að stjórnun og stjórnsýslu. Við yfirlestur og umhugsun um fyrirliggjandi frumvörp þá fæ ég ekki séð að sett markmið náist.

Það er mitt álit að til þess að breytingar, sem til bóta horfa, náist þá sé nauðsynlegt að gjörþekkja hvernig málaflokkurinn hefur verið rekinn, hvernig og hvar hefur steytt á skerjum og með það í huga verði fundnar nýjar leiðir til úrbóta. Jafnframt verði þess gætt að stjórnsýsla, eftirlit, styrkveitingar, rannsóknir og öll fagleg vinna lúti nútímalegum stjórnunarháttur og að hagsmunum allra sem hlut eiga að máli verði sem best borgið. Lykilinn að þessu tel ég vera að samin verði ný lög með ofangreint í huga og að í nýrri löggjöf verði ekki draugar hinnar eldri löggjafar á sveimi. Það sem gallalaust hefur reynst má þó gjarnan færast yfir í ný lög.

Því leyfi ég mér að setja fram eftirfarandi sýn á uppbyggingu safnamála á Íslandi:

- Að safnalögin verði skýr rammalöggjöf um minjasöfn, listasöfn og náttúrufræðisöfn og að fjallað verði um eignarhald á söfnum, s.s. höfuðsafna, ríkisrekkinna safna, safna í eigu sveitarfélaga, einkasafna og fyrirtækjasafna.
- Að um málefni hveirrar safngerðar verði sett lög sem lúta að sérhæfðri starfsemi þeirra og verði sambærileg við þjóðminjalög. Ekki verði því fjallað um söfnin sjálf í faglögnum sbr. það að í fyrirliggjandi frumvarpi til þjóðminjalaga er fjallað um þjóðminjasöfn og byggðasöfn.
- Að tekið verði á því í lögnum hvaða söfn geti hlotið ríkisstyrki með skilgreiningu á tilteknum skilyrðum sem þarf að uppfylla til þess að safn verði styrkbært.
- Að söfnin stundi hvers konar rannsóknir á sínu sviði
- Að safnráð verði gert einhvers megnugt með viðeigandi mönnun og sérfræðiaðstoð sem það þarf til þess að geta innt af hendi þá vinnu sem því ber.

- Að safnráðið sé ráðgefandi gagnvart ráðherra og ráðuneyti hvað varðar úthlutun fjár og hafi nauðsynlegt eftirlit með notkun þess fjár sem úthlutað er.
- Að í tengslum við safnrád verði stofnun sem starfar á faglegum grunni og hefur á að skipa starfsfólki með þekkingu og yfirsýn sem tryggir að eðlilega sé farið að því að deila niður fé til safna og einstakra verkefna á vegum þeirra og veiti ráðgjöf á sviði safnreksturs, safnastarfsemi, mótun söfnunarstefnu og móti og efla samvinnu á milli safna á sviði skráningar, sýningahalds, rannsókna og söfnunar.
- Að safnráðið vinni jafnt fyrir allar gerðir safna.
- Að safnráðið hafi það hlutverk að samhæfa störf safnanna og efla samvinnu þeirra í einstökum verkefnum.
- Að hugað verði frekar að tilgangi þjóðminjalaga hvað varðar varðveislu samtímaminja og þjóðhátta.
- Að til verði embætti þjóðminjavarðar sem er ráðgefandi fyrir safnrád á sviði minjavörslu.
- Að embætti þjóðminjavarðar verði algjörlega aðskilið frá Þjóðminjasafni Íslands.
- Að menntunarskilyrði þjóðminjavarðar verði ekki bundin fornleifafræði einvörðungu.
- Að þjóðminjavarðarembættið fari með alla stjórnslu s.s. leyfisveitingar, úthlutun fjár, eftirlit með fornleifum, annist umhverfismat og samhæfi athafnir þjóðminjavörslunnar. Verði ráðgefandi fyrir byggðasöfn og vinni með og fyrir safnarád þegar um þau er fjallað á þeim vettvangi.
- Að starfsemi húsafriðunarnefndar ríkisins verði nátengd embætti þjóðminjavarðar og með því haldist nauðsynleg tengsl við þær stofnanir sem við þjóðminjavörslu starfa en húsverndun er þar einn af stærstu og mikilvægust þáttunum.
- Að húsafriðunarnefnd fái sambærilegt faglegt vald á sviði húsverndar og fornleifanefnd fengi samkvæmt ákvæðum í fyrirbyggjandi frumvarpi til þjóðminjalaga.
- Að minjaverðir verði starfsmenn þjóðminjavarðarembættis og sinni skyldum þess við eftirlit og umsjónarverk ýmiss konar.
- Að Þjóðminjasafnið fái stöðu höfuðsafns á sama hátt og Listasafn Íslands og Náttúrufræðisafn Íslands. Það verði sjálfstætt starfandi safn sem geti veitt hlutlausa ráðgjöf á sínu höfuðsviði þegar eftir því er leitað t.d. frá byggðasfnum en sé ekki ætlað að dreifa fé og dæma starfsemi safna.
- Að Þjóðminjasafn Íslands hafi sambærilega stöðu gagnvart þjóðminjaverði og önnur söfn sem vinna á þeim vettvangi.

- Frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta milli landa þarfnast íhugunar. Frá 1996 þekki ég ekkert dæmi þess að reynt hafi á lagabókstaf þennan á viðskiptamarkaði en um það hlýtur málið að snúast. Slíkri lagasetningu er ætlað að sporna við slíkum viðskiptum. Söfnin sjálf standa rétt að flutningi muna milli landa enda um safngripi og rannsóknagögn að ræða. Hæpið er að þjóðminjavörður geti haldið utan um allan þennan málaflokk enda eðlilegra að hinir ýmsu embættismenn annist þessi mál allt eftir eðli og tegund þess sem verið er að flytja. Koma þarf með einhverjum hætti upp eftirliti með slíkum viðskiptum og til þess eru vafalaust einhverjir aðrir en safnmenn betur fallnir en þeir geta þó í flestum tilfellum gefið álit og mat á viðkomandi menningarverðmætum og til þess væri hægt að skylda þá.